

Dæmi um stofurekstur sjúkráþjálfara á NEYÐARSTIGI almannavarna

Stærð húsnæðis: 1350 fm

Fjöldi í húsi: 22 að hámarki.

Aðgerðir: Grímuskylda, komutímum sjúklinga dreift á 15 mín. (áður 30 mín). 2ja metra regla. Hver þjálfari hefur sitt meðferðarherbergi og deilir almennt ekki. Mikil sóttthreinsun á snertiflötum.

| Leið A | Leið B | Leið C |
|--|--|--|
| <p>Vinnustaðurinn er eitt rými. Tvískiptar vaktir. Starfsmannahópi skipt upp í tvo hópa. Hópur 1 vinnur þri. fi. laugard. Hópur 2 vinnur má. mi. föstud.</p> | <p>Vinnustaðurinn er tvö sóttvarnarými. Tveir inngangar og enginn samskipti á milli rýma með fáeinum undantekningum: Starfsmenn í hópi 1 ganga um neyðarinngang til og frá vinnustað. Starfsmenn í hópi 2 ganga aðalinngang eins og sjúklingar sem deila inngangi en fara svo á sitt hvora biðstofu. Algjör grímuskylda í aðalinngangi og starfsmenn sæta lagi að fara inn þegar ekki eru aðrir á leið um. Í ákveðnum tilfellum má sjúklingur vera skráður til þjálfunar í báðum hólfum en ekki samdægurs. Hópar geta skipt um vinnusvæði þannig að aðra viku vinni hópur 1 á svæði 1 og næstu viku vinni sami hópur á svæði 2. Þannig er tryggt að ekki verði mismunun. Ekki má fara á milli hólfa nema hólf sé mannaust og þá ber að nota grímu og hanska og dvelja sem allra stystan tíma í rýminu. Gildir einnig um starfsmann sem þrífur húsnæði. Að öðru leiti er hvort rými alveg aðskilið hvað varðar þjálfunaraðstöðu og vinnuaðstöðu (salerni, kaffistofa, skrifstofur). Einstaklingur sem kemur til meðferðar fer í einstaklingsþjálfun, hóppjálfun og sinnir eigin þjálfun (t.d. þrekhjól) í sama rými þann tíma sem meðferð stendur yfir.</p> | <p>Staðurinn er eitt sóttvarnarými en þegar starfsmaður fer út af eigin meðferðarherbergi þá ber hann grímu og hanska. Aðgengi að salerni og kaffistofu er skipt. Hópur 1 hefur aðgang að salerni 1, kaffistofu 1, skrifstofu 1. Hópur 2 hefur aðgang að salerni 2, kaffistofu 2, skrifstofu 2.</p> |
| <p>Rök sem mæla með leið A.</p> <ol style="list-style-type: none">Engin blöndun og mjög litlar líkur á að smit fari á milli vinnuhópa 1 og 2. | <p>Rök sem mæla með leið B.</p> <ol style="list-style-type: none">Lítill blöndun hópa, aðeins í inngangi og mjög litlar líkur á að smit fari á milli vinnuhópa 1 og 2.Óbreytt afköst.Starfsmenn vinna venjubundin vinnutíma. | <p>Rök sem mæla með leið C.</p> <ol style="list-style-type: none">Einfalt í framkvæmd.Óbreytt afköst.Starfsmenn vinna venjubundin vinnutíma. |
| <p>Rök sem mæla gegn leið A.</p> <ol style="list-style-type: none">Afköst minnka um 30-40%Starfsmenn vinna langa daga.Mikil röskun á þeirra daglega lífi. | <p>Rök sem mæla gegn leið B.</p> <ol style="list-style-type: none">Flókið í framkvæmd og krefst undirbúnings. | <p>Rök sem mæla gegn leið C.</p> <ol style="list-style-type: none">Blöndun hópa og líkur á að smit fari á milli vinnuhópa 1 og 2. |